



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts 6. október 2020 kl. 18:00

Mætt:

Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Fylkir Jónsson (FJ), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Sigurbergur Eiríksson (SE)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Staða og störf framkvæmdastjóra

Stjórn fer yfir verkefnalýsingu og skoðar hvort auglýsa eigi stöðuna.

2. Varamenn

Þar sem varamenn stjórnar eru boðaðir á alla fundi koma þeir inn með atkvæði ef aðalmenn í stjórn eru ekki mættir. Þeir gera það í þeirri röð sem þeir voru kosnir inn, sem fer eftir atkvæðamagni.

Í þinggerð ársþings segir þetta:

13.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Kjörin til eins árs í varastjórn voru Aron Steinn Guðmundsson, Kristinn Snær Sigurjónsson og Sigurbergur Eiríksson í þeirri röð.

Til dæmis ef sex aðalmenn eru mættir og tveir varamenn eru sjö atkvæði gild, atkvæði stjórnar og svo atkvæði fyrsta varamanns sem er mættur.

Ákveðið að setja þetta skýrt í lög sambandsins.

3. Formannafundur

Drög að dagskrá samþykkt.

Akstursíþróttamaður ársins - drög að reglum um Akstursíþróttamann ársins samþykkt.

4. Styrkúthlutun

Samþykkt að styrkja AÍH, BA og KK um 750.000 hvert vegna ákveðinna verkefna.

5. Vinnuhópur um fjarfundi

Samþykkt að Þrándur, Stefán og Aðalbjörg geri tillögu að aðferð til að nota fyrir formannafund og ársþing.



6. Hlutverk Öryggisnefndar

Málið rætt.

7. Reykjavík International Games

Samþykkt að AKÍS taki þátt í RIG2021 með þeim akstursíþróttum sem til eru hermar fyrir.

8. FIA Sporting Conference

Samþykkt að AKÍS taki þátt og formaður mæti.

9. Önnur mál

10. Næsti fundur

Hangouts 19. október 2020 kl. 18:00.

11. Fundi slitið 19:24